



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/127

Alþingi

Erindi nr. P 116 / 1992 Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
komudagur 9 / 3 1993 Sími/Tel.: +354-(9)-1-681612
Telefax: +354-(9)-1-689664


8. mars 1993

Allsherjarnefnd Alþingis,
b.t. Sólveigar Pétursdóttur, formanns,
Alþingi v/Austurvöll,
150 Reykjavík.

Bréfi þessu fylgir samantekt frá aðalfundi Sambands íslenskra tryggingafélaga, sem haldinn var miðvikudaginn 3. mars s.l. Að þessu sinni var meginumfjöllunarefni fundarins sú alvarlega staða, sem skapast hefur hér á landi vegna úrelts skaðabótaréttar.

Samantektin sendist yður til kynningar.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson

4. mars 1993

Frá Aðalfundi Sambands íslenskra tryggingafélaga

*Íslenskur skaðabótaréttur er úreltur og stuðlar að
vátryggingasvikum. Sérfræðingar græða. Neytendur
borga brúsann.*

Aðalfundur Sambands íslenskra tryggingafélaga (S.Í.T.) var haldinn þann 3. mars s.l. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var m.a. fjallað um þróun vátrygginga- og vátryggingarstarfseminnar, einkum í ljósi samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Þá var einnig mjög til umræðu íslenskur skaðabótaréttur, einkum þó skaðabótareglur vegna líkamstjóna. Á fundinum flutti og erindi Þórður Fiðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Ræddi hann ástand og horfur í efnahags- og atvinnumálum.

Eftir aðalfundinn er stjórn S.Í.T. skipuð svo: Ólafur B. Thors, formaður, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Axel Gíslason, varaformaður, Vátryggingafélagi Íslands hf., Gunnar Felixson, Tryggingamiðstöðinni hf., Páll Sigurðsson, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Ágúst Ögmundsson, Tryggingu hf. Varamenn í stjórn eru þeir Bjarni Þórðarson, Íslenskri endurtryggingu og Jóhann E. Björnsson, Ábyrgð hf. Aðildarfélög S.Í.T. eru nú 13 að tölu.

Íslenskur skaðabótaréttur er ákaflega frábrugðinn því, sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Einkum á þetta við um bótareglur vegna líkamstjóna. Þessar skaðabótareglur eru ólögfestar og hafa einkum mótast af niðurstöðum dómstóla hér á landi. Á síðustu tuttugu til þrjátíu árum hefur orðið mikil þróun á þessu réttarsviði á hinum Norðurlöndunum, og í þeim öllum hafa verið sett almenn lög um skaðabætur utan samninga. Þessi lagaþróun sneiddi alveg hjá íslenska réttarríkinu, og eru ástæður þess út af fyrir sig verðugt athugunarefni. Löggjöf norrænu frændþjóðanna er efnislega frábrugðin því sem hér á landi gildir, og er meginmarkmið hennar að tryggja að samræmi sé milli greiddra bóta og raunverulegs fjártjóns.

Færa má ýmis rök að því, að skaðabótagreiðslur hér á landi, sem skaðabótaskyldum aðilum hefur verið gert að greiða vegna tiltölulegra lítilla áverka, nemi til muna hærri fjárhæðum en raunverulegt fjártjón hins slasaða. Hefur þetta geysimikla þýðingu, þar sem varanleg örorka í miklum meirihluta slysauppgjöra hérlendis er lág, t.d. 15% og undir. Ástæða er þó til að ætla, að þeir sem lent hafi í alvarlegum slysum hafi verið

vanbættir. Þessu til viðbótar er það að nefna, að kostnaður við hvert slysauppgjör hér á landi, t.d. vegna þóknunar lækna, lögmannna og fleiri sérfræðinga, er einnig hár. Afleiðingar alls þessa eru m.a. þær, að váttryggingartakar á Íslandi, hvort heldur er almenningur eða fyrirtæki, verða að greiða hærra iðgjald fyrir ýmsar greinar váttrygginga heldur en þyrfti, ef skaðabótarétti væri skipað hér á landi á svipaðan hátt og t.d. í Danmörku. Í skaðabótarétti fjölmargra réttarríkja, m.a. á hinum Norðurlöndunum, er gerður greinarmunur á annars vegar læknisfræðilegu örorkumati og hins vegar fjárhagslegu örorkumati. Í læknisfræðilega matinu, sem lagt er til grundvallar hér á landi, er að mestu stuðst við fyrirframsamdar örorkumatstöflur, þar sem ýmsir líkamsáverkar eru metnir til örorkustigs án þess að tillit sé tekið til þess starfs, sem hinn slasaði hafði með höndum, og almennt án þess að kanna sérstaklega hvaða áhrif hin metna örorka kann að hafa á vinnugetu tjónþola. Með fjárhagslegu örorkumati er hins vegar reynt að meta sérstaklega til örorkustigs þau beinu áhrif, sem áverkinn hefur á vinnugetu viðkomandi tjónþola og þar með á fjárhag hans. Á Norðurlöndunum er svo litið á, að læknisfræðilegt mat sé handónýtt gagn til að mæla fjártjón vegna varanlegra afleiðinga líkamsáverka. Í því efni beri að styðjast við fjárhagslegt mat. Annar ágalli íslensks skaðabótaréttar er sá, að þróun hans skuli nánast falin íslenskum dómstólum. Þróun skaðabótaréttar hefur hins vegar nánast engin orðið hér á landi í tvo mannsaldra eða svo. Í skjóli þessa ástands, sem einkennst hefur annars vegar af stöðnun og hins vegar af álitserðum sérfræðinga, sem byggðar eru á afar vafasömum forsendum, hefur íslenskur skaðabótaréttur nánast orðið að gervivísindum, sem allmargir, er að koma, hafa þó haft bærilega afkomu af. Samkvæmt lauslegri athugun S.Í.T. hafa bifreiðatryggingarfélagin á árinu 1991 greitt um 170 milljónir króna til lækna, lögfræðinga og tryggingastærðfræðinga vegna uppgjörs líkamstjóna.

Samhliða því að hvetja til þess, að skaðabótareglum utan samninga yrði skipað í lög hafa váttryggingarfélagin tekið upp strangari kröfur varðandi sönnun og mat á fjártjóni vegna slysa en áður hefur tíðkast. Í þessu verklagi felst, að ef varanleg örorka er metin 15% eða lægri, eða ef um er að ræða hálsþnykksáverka, skuli tjón ekki gert upp fyrir en að liðnum 3 árum frá slysdegi, þannig að sannreyna megi að hinn slasaði hafi beðið fjártjón. Vilji hinn slasaði ekki bíða í þennan tíma stendur honum til boða að ljúka málinu í samræmi við "staðlaðar" reglur, sem nánar er lýst í verklagsreglunum. Sú gagnrýni hefur komið fram varðandi verklag váttryggingarfélaganna við uppgjör líkamstjóna, og að sínu leyti einnig í tengslum við umræður um setningu almennra skaðabótalaga, að ekki væru læknisfræðilegar forsendur fyrir því að víkja frá þeim uppgjörsaðferðum, sem hér á landi hefðu lengi tíðkast vegna líkamstjóna. Þá væru ekki læknisfræðileg rök fyrir því, að beita öðrum aðferðum við uppgjör hálsþnykksáverka, t.d. varðandi biðtíma, heldur en er um slys almennt væri að ræða. Af hálfu váttryggingarfélaganna hefur á hinn bóginn verið lögð rík áhersla á það, að þessar aðgerðir miðuðu ekki að því að lækka skaðabætur. Fyrst og fremst beinast aðgerðirnar að því að bætur lendi í höndum þeirra, sem hafa orðið fyrir raunverulegum slysum, er komi til með að hafa áhrif á vinnugetu í framtíðinni. Þótt mönnum hafi tekist að knýja fram eitthvert örorkumat frá læknum, á á slíkt plagg ekki að vera skilyrðislaus ávísun á skaðabætur. Í nýlegri samantekt S.Í.T. um skrif margra sérfróðra lækna hér á landi,

sem lítt eða ekki hafa beina fjárhagslega hagsmuni af því að gefa út örorkumöt, kemur m.a. fram:

- Að frá læknisfræðilegu sjónarmiði orki það mjög tvímælis að útreikningur tekjutaps geti byggt á svokallaðri læknisfræðilegri örorku.
- Að einungis einn af hverjum 200, sem fái hálsþnykk, þurfi að leggjast inn á spítala.
- Að langflestir, sem fái hálsþnykksáverka, nái fullum bata eða verulegum með viðhlítandi meðferð.
- Að um 80% þeirra sem slasast á hálsi töpuðu ekki degi úr vinnu.
- Að tíðni hálsþnykks árið 1991 hefur u.þ.b. fimmfaldast miðað við það sem var á árunum 1974 til 1985. Tíðni annarra umferðarslysa hefur ekki aukist á nokkurn sambærilegan hátt á sama tímabili.
- Að 64% líkur eru á því að kona og 45% líkur á því að karlmaður sem nær 70 ára aldri hljóti hálsþnykk í umferðarslysi miðað við tíðnitölur 1991.
- Að leita þurfi annarra skýringa á aukinni tíðni hálsþnykks en lakari umferðarmenningu eða breytingu á öðrum umferðarþáttum.

Í umsögn Lögmannafélags Íslands til Alþingis um frumvarp til skaðabótalaga verður vart lítillar hrifningar með þau áform að skipa málum þessum með löggjöf. Þar er m.a. vikið að afkomu váttryggingarfélaga, og síðan beinlínis látið að því liggja, að eðlilegra sé að hækka iðgjöld heldur en breyta uppgjorsreglunum. Þessum sjónarmiðum er Samband íslenskra tryggingafélaga algjörlega ósammála. Váttryggingarfélögum ber siðferðileg skylda til að leitast við að halda tjónakostnaði og þar með váttryggingariðgjöldum niðri. **Skaðabætur eiga að fara til þeirra, sem bætur ber, en ekki annarra.** Það er löngu tímabært, að landsmenn hugleiði í fullri alvöru, hverjir það eru í raun og veru, sem hafi hagsmuni af því að viðhalda þeim úrelta skaðabótarétti, sem Íslendingar búa við.